

Fimmtugasti og sjötti fundur stjórnar Fræðslusjóðs

22. júní 2016 kl. 10.00-12.00

í Skipholti 50 b, III. hæð

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir, formaður, Garðar Hilmarsson, Halldór Grönvold, Jón Fannar Kolbeinsson, Sólveig B. Gunnarsdóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn, Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri FA og Björn Garðarsson, starfsmaður FA.

Boðuð forföll: Ársæll Guðmundsson, Fjóra Jónsdóttir, Guðrún Eyjólfsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt og undirrituð með áorðnum breytingum.

2. Ársreikningur 2015

Nýr ársreikningur lagður fram til undirritunar með innfærðum athugasemdum sem fram komu á síðasta fundi stjórnar ásamt smávægilegri lagfæringu á orðalagi. Ársreikningur samþykktur og undirritaður.

3. Lögfræðiálit og bréf fræðsluaðila vegna uppgjörs

Lögð fram drög að svarbréfi stjórnar Fræðslusjóðs til fræðsluaðila.

Nokkrar umræður urðu um efni bréfsins og þá stöðu sem þetta mál er komið í. Að ósk stjórnar lagði framkvæmdastjóri fram gögn sem vitnað er til í drögum að svarbréfinu. Samþykkt var að gera smávægilegar orðalagsbreytingar á bréfinu. Ákveðið var að boða til fundar með fulltrúum þeirra sem sendu bréf til Fræðslusjóðs dags. 24. maí sl. áður en formlegt svar við umræddu bréfi yrði sent.


Formanni stjórnar og framkvæmdastjóra FA var falið að eiga fund með fulltrúum fræðsluaðila í viku 26 eða 27 ef unnt er.

4. Næsti fundur

Ekki ákveðinn.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.


Guðrún Ragnarsdóttir
Fjóra Jónsdóttir
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir
Garðar Hilmarsson